

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2023
UST202302-353/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsáætlun - efnistaka að Gandheimum. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur matsáætlunina ítarlega og þar eru tilgreind öll helstu atriði sem fjalla þarf um við mat á umhverfisáhrifum efnistöku.

Framkvæmdin

Umhverfisstofnun vill benda á að þar sem náman verður unnin nokkuð djúpt ætti að huga strax að aðlögun námunnar að landi sem getur reynst örðugt ef náman er unnin djúpt alveg að jöðrum. Sjá má dæmi um slíkt í nánum við Akrafjall þar sem gæti orðið snúið að fella námurnar að landi.

Einnig ætti að kanna hvort betra sé að vinna námuna í átt að Hringveginum og reyna að nýta ofanafýtingu og frákast til frágangs samhliða efnistökunni.

Votlendi og fuglalíf

Umhverfisstofnun vill benda á að ósamræmi er á milli myndar 1 og 6. Á mynd 6 er efnistökusvæðið afmarkað fyrir ofan votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 (á uppgræddu melunum) og nær afmörkunin inn á grannsvæði vatnsverndar. Hins vegar á mynd 1 (Yfirlitsmynd) liggar fyrirhugað efnistökusvæðið og athafnasvæðið í votlendi sem nýtur sérstakrar verndar.

Ef fyrirhugað efnistökusvæði nær til votlendisins þarf málsmeyferð framkvæmdarinnar að vera í samræmi við ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga.¹

Í votlendinu geta verið vistgerðir sem ber að vernda samkvæmt Bernarsamningnum og þar geta verið ábyrgðartegundir fugla² sem nýta svæðið til varps.

Ef framkvæmdin hefur áhrif á votlendið og fuglalífið þarf að mati Umhverfisstofnunar að meta þessa þætti.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

² <https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

Virðingarfullst,

Björn Stefánsson,
sérfraðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfraðingur